

SVEITARSTJÓRN DALABYGGÐAR

Úr dagbók sveitarstjóra,
framlagt á 228. fundi
þann 15. desember 2022



- Fyrst skal nefna að þann 14. nóvember sat ég fund með kollegum mínum á Vesturlandi og SSV þar sem rædd vorum ýmis sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna allra. Má þar nefna umræður um brunavarnir, rafrænar lausnir og möguleika þá sem í þeim geira felast varðandi þjónustu sveitarfélaganna og eins var rætt um vinnu varðandi möguleika í samþættingu þjónustu við aldraða, nánar um þann þátt hér síðar í minni yfirferð.
- Þann 15. nóvember áttum við í Dalabyggð fund með Brák hses. en til umræðu hefur verið um nokkra hríð að Brák hses. yfirtaki eignir Bakkahvammis hese. Frekari samskipti hafa átt sér stað í kjölfarið og standa vonir til að þetta mál klárast í upphafi árs 2023.



- Starfsmenn á Miðbraut 11, þ.e. starfsmenn Dalabyggðar ásamt vinum okkar hjá Sýslumannsembættinu og DalaAuði/SSV tókum mikinn tiltektardag þann 16. nóvember s.l. þar sem farið var yfir hvað við nýttum og hvað mætti missa sig. Eins voru fjarlægðar innréttingar sem þössuðu ekki lengur inn í þá starfsemi sem í húsinu eru. Framhald verður á endurbótum og uppfærslu hússins á næstu dögum þegar hluti gólfa verða slípuð og fyrirhuguð er málningarvinna og frekari lagfæringar í kjölfarið.
- Vel sóttur íbúafundur fór fram þann 17. nóvember í Dalabúð þar sem fjárhagsáætlun ársins 2023 var kynnt og eins var farið yfir nýtt regluverk í kringum úrgangsmál á fundinum. Góðar umræður sköpuðust á fundinum sem var einnig streymt beint út. Í lok fundar var Gísli Einarsson fjölmiðlamaður með meiru með hvatningarinnlegg sem blés þeim sem á hlýddu vonandi eldmóð í brjóst.



- Samningur á milli Dalabyggðar og UDN rennur út um næstu áramót. Undirritaður hefur átt fundi og verið í samskiptum við formann og aðra stjórnarmenn í tengslum við samninginn undanfarnar vikur og vonir standa til að samningurinn verði undirritaður á allra næstu dögum í aðeins breyttri mynd frá því sem verið hefur. Stærsta einstaka breytingin flest í því að stjórn UDN mun taka yfir þær skyldur sem framkvæmdastjóri UDN, sem Dalabyggð hefur séð um kostnað á, hefur sinnt þannig að samningsfjárhæðin mun skila sér óskipt til UDN.
- Áframhaldandi vinna, í kjölfar fyrri umræðu í sveitarstjórn, við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2023 og fjögurra ára áætlun tók sinn skerf á því tímabili sem hér er undir og afgreiddum við loka afurð þeirrar vinnu hér fyrir á fundinum. Ég vil ítreka þakkir til starfsmanna Dalabyggðar sem og nefndarmanna og kjörinna fulltrúa fyrir þeirra mikla og góða framlag í þessari vinnu.



- Þann 20. nóvember var haldinn opinn fundur um vegamál í Árbliki þar sem Haraldur Benediktsson alþingismaður kynnti hugmynd sína um samfélagsvegi. Undirritaður tók að sér að stýra fundi og var hann vel sóttur og umræður gagnlegar. Fundarmenn voru almennt á því að sú hugmynd sem til umræðu var væri til þess gerð að brjóta upp staðnaða nálgun í vegamálum og er von mín að áframhald verði á umfjöllun og umræðum í þessu veru þannig að við getum eygt hér í Dalabyggð enn frekari framkvæmdir tengdar vegamálum en verið hafa um langt skeið.
- Unnið hefur verið að lausn á þeim vanda sem Fóðuriðjan Ólafsdal ehf. hefur átt við að etja undanfarin ár. Ekki er komin endanleg niðurstaða í það viðfangsefni en samtöl hafa átt sér stað við hlutaðeigandi aðila með einum eða öðrum hætti, t.a.m. þá lánastofnun sem í hlut á. Vonir standa til að þau mál skýrist öðru hvoru megin við áramótin.





- Í kjölfar þess að Fjarskiptastofa sendi okkur niðurstöður varðandi úttekt á gæðum/veikleikum GSM símasambands í Dalabyggð, líkt og ég kom inn á í síðustu minnispunktum, þá höfum við átt fund og verið í samskiptum við stofnunina varðandi stöðu mála. Eins og við þekkjum þá er verk að vinna hvað þetta mikilvæga öryggismál varðar og þurfum við að bretta upp ermar í þeim tilgangi á næstunni. Vonir standa til að nánari úttekt sem í farvatninu er, með íhlutun SSV, muni innihalda beinar tillögur um tæknilegar útfærslur varðandi hvað þurfi til hvað tæknilausnir varðar á einstaka svæðum til þess að símasamband verði ásættanlegt.
- Nýsköpunarsetrið okkar hér á jarðhæðinni hefur haldið uppteknum hætti og verið með vel sóttu atburði á undanförunum vikum. Ég er sannfærður um að öll þau fræ sem sáð hefur verið á undanförunum vikum og mánuðum muni skila okkur í Dalabyggð afurðum sem styrkja munu samfélagið til lengri tíma.



- Viðræður og fundir með Reykhólum og Strandabyggð um aukið samstarf í umhverfis og skipulagsmálum voru haldnir á tímabilinu samanber minnisblað sem við afgreiddum hér fyrir á fundinum.
- Eins höfum við rætt um samstarf í félags- og velferðarmálum og von mín og trú er að við náum saman um samstarf um þann mikilvæga málaflokk innan tíðar.
- Í tengslum við samstarfsverkefni um slökkvilið og brunavarnir með fyrrnefndum sveitarfélögum þá áttum við fund með slökkviliðsstjóra og í framhaldinu annan fund með slökkviliðsstjóranum og varðstjórum á hverjum stað. Tilgangur og markmið þessara samtala og funda er að efla liðsheild og reyna að nýta bæði mannauð og tækjakost á hverjum stað betur þannig að betri heildar yfirsýn náist. Mín tilfinning er sú að þessi vinna skili árangri en áfram þarf að halda vel utan um þessa mikilvægu starfsemi sem slökkviliðið sinnir þannig að okkur haldist á liðsmönnum.



- Stjórn Byggðarstofnunar og stjórnendur funduðu í Leifsbúð 24. nóvember síðastliðinn og við fulltrúar í samstarfsnefnd um DalaAuð funduðum svo með þeim í kjölfarið. Farið var yfir stöðuna í Dalabyggð og einnig var kynning á því hvaða aðilar fengu úthlutað frumkvæðisstyrkjum fyrr í haust. Í kjölfarið var farið í heimsóknir til þriggja aðila sem kynntu starfsemi sína. Þetta var góður dagur og styrkti tengsl okkar við Byggðarstofnun sem skiptir máli til lengri tíma liðið.



- 25. nóvember var kveikt ljósin á jólatrénu okkar hér í Búðardal. Skemmtileg athöfn þar sem jólasveinar mættu og dönsuðu með gestum í kringum jólatréð. Skátafélagið sá um athöfnina og bauð upp á heitt kakó og tilheyrandi fyrir athöfn og færi ég þeim bestu þak kir fyrir.
- Glæsilegir jólatónleikar voru haldnir í Dalabúð þann 3. desember s.l. Það verkefni var eitt af þeim sem DalaAuður styrkti. Vil ég þakka þeim sem stóðu að þessum frábæru tónleikum kærlega fyrir hér á þessum vettvangi.
- Fyrir tilstilli Svavars Gardarssonar þá var sett upp lýsing á brjóstmynd af Jóhannesi úr Kötlum við Auðarskóla. Er það afar vel til fundið að mínu mati að heiðra skáldið með þessum hætti en öll þekkjum við Jólasveinavísur þær sem hann samdi og eru í hávegum á flestum heimilum landsins þessa dagana.

- Haldinn var starfsmannafundur með starfsmönnum á Silfurtúni fyrir stuttu, að mínu mati er mjög jákvæð þróun að eiga sér stað á Silfurtúni og starfsmannahópurinn góður og samstíga í því að gera gott heimili enn betra. Svo í vikunni var undirrituð viljayfirlýsing um undirbúning samþættingar á þjónustu við aldraða við HVE. Þar er á ferðinni spennandi verkefni sem ég er sannfærður um að leiði til jákvæðrar þróunar í þessari mikilvægu þjónustu hér í Dalabyggð.
- Varðandi Silfurtún og starfsemina þar þá vil ég einnig nota tækifærið hér til að þakka þeim einstaklingum og félagasamtökum sem láta sig heimilið varða með einum og öðrum hætti. Lionsmenn t.a.m. komu og skreyttu heimilið fyrir stuttu og er það ómetanlegt auk þess sem fólk hefur komið og sungið og leiddið tónlist fyrir heimilismenn. Kærar þakkir !





- Áframhald hefur orðið á samtölum við Eykt ehf. varðandi uppbyggingu íbúða í Búðardal og sat ég ásamt formanni byggðarráðs fund með fulltrúum fyrirtækisins fyrir stuttu og kom erindi frá fyrirtækinu í kjölfarið og var það tekið fyrir á síðasta fundi byggðarráðs. Vonandi náum við að hefja þá framkvæmd á næsta ári og jafnframt hafa fleiri verktakar lýst áhuga á að koma að uppbyggingu hér í Búðardal þannig að við erum komin á kortið hvað uppbyggingu íbúðarhúsnæðis varðar.



- Starfsmenn á skrifstofu sveitarfélagsins fóru í skammtilega heimsókn til Hólmavíkur s.l. föstudag. Skoðuðum þar m.a. gámasvæðið og flokkunarstöð auk þess að skoða nýjasta fyrirtækið á svæðinu, Galdur brugghús, sem Fasteignafélagið Hvammur á hlut í ásamt öðrum.
- Tilboð Dalabyggðar í hlut Stéttarfélags Vesturlands í Miðbraut 11 var samþykkt af stjórn félagsins í byrjun desember og verða samningar þar að lútandi undirritaðir fyrir áramótin.
- Á síðustu dögum höfum við átt fundi og samtöl við endurskoðendur varðandi undirbúning fyrir gerð ársreiknings fyrir árið 2022 og einnig vegna áætlunargerðar.

Eins og sjá má af þessari stuttu yfirferð má sjá að það eru margþætt viðfangsefni hjá okkur í Dalabyggð og er hér aðeins stiklað á stóru.

Starfsfólk Dalabyggðar, á hinum ýmsu starfsstöðvum, eru að sinna sínum daglegu verkum alla daga að sannri alúð og fyrir það vil ég þakka um leið og ég hvet okkur öll til dáða til að efla okkar góða starf enn frekar.

Ég vil að endingu óska samstarfsfólki mínu og íbúum Dalabyggðar öllum gleðilegra jóla með þökk fyrir góð samskipti á árinu sem er að líða.

BBÞ – 15.12.2022

